

Pláneturnar

.....
FIMMTUDAGUR 03.11.11

FÖSTUDAGUR 04.11.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Píanókoncert nr. 2 eftir Rakmaninoff tekur um 35 mínútur í flutningi,
en Pláneturnar eru um 50 mínútur að lengd.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Sinfóníuhljómsveit Íslands þakkar Gunnari Kolbeinssyni fyrir lán á bassaóþóí
til að hægt sé að flytja Pláneturnar. Bassaóþó er einkar sjaldgæft hljóðfæri
og er þetta hið eina sinnar tegundar á Íslandi.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 3. OG 4. NÓVEMBER 2011 KL. 19.30

Denis Matsuev einleikari

Vox feminae kór

Margrét Pálmadóttir kórstjóri

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri

Sergei Rakmaninoff *Píanókonsert nr. 2 í c-moll, op. 18 (1901)*

Moderato

Adagio sostenuto

Allegro scherzando

Hlé

Gustav Holst

Pláneturnar, op. 32 (1914–17)

Mars, herguðinn

Venus, friðflytjandinn

Merkúr, vængjaði sendiboðinn

Júpíter, boðberi gleðinnar

Satúrnus, ellin

Úranus, töframaðurinn

Neptúnus, dulhyggjan

Rumon Gamba

hljómsveitarstjóri



Rumon Gamba nam við Konunglegu tónlistarakademíuna í London undir handleiðslu Colin Metters. Hann hefur komið fram sem geststjórnandi með flestum helstu hljómsveitum Bretlandseyja og hefur starfað með fjölda þekktra hljómsveita á meginlandinu, m.a. Fílharmóníusveitinni í München, Útvarpshljómsveitinni í Berlín og Sinfóníuhljómsveitinni í Barcelona. Hann hefur einnig stjórnað Sinfóníuhljómsveitunum í Toronto, Sydney, Melbourne og Tókýó, sem og Fílharmóníuhljómsveitinni í New York. Hann þreytti frumraun sína við Ensku þjóðaróperuna vorið 2008 í *Candide* eftir Leonard Bernstein og stjórnaði nýverið heimsfrumflutningi óperunnar *Two Boys* eftir Nico Muhly. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda NorrlandsOperan-sinfóníuhljómsveitarinnar í Svíþjóð í júlí 2009 og er jafnframt aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Álaborg.

Gamba er samningbundinn Chandos-útgáfunni og hefur hljóðritað fjölda hljómdiska með Fílharmóníusveit Breska ríkisútvarpsins. Hljómdiskar hans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa hlotið afbragðs dóma víða um heim, og í desember 2008 var fyrsti diskurinn í útgáfuröð hljómsveitarverka eftir Vincent d'Indy tilnefndur til hinna virtu Grammy-verðlauna. Annar diskur í röðinni var valinn einn af diskum mánaðarins hjá hinu virta tónlistartímariti *Gramophone*, og síðan hafa tveir til viðbótar komið á markað. Hafa þeir allir fengið hin lofsamlegustu ummæli, meðal annars fimm stjórnur í tónlistartímariti breska útvarpsins, *BBC Music Magazine*. Rumon Gamba gegndi stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sí á árunum 2002-2010.

Denis Matsuev

einleikari



Denis Matsuev fæddist í Irkutsk í Rússlandi árið 1975. Faðir hans er þekktur píanóleikari og móðir hans píanókennari, og hann vakti fyrst athygli fyrir tónlistargáfur aðeins þriggja ára gamall. Hann hóf tónlistarnám hjá föður sínum en það setti strik í reikninginn að hann hafði einnig yndi af að leika hokkí og fótbolta, og handleggsbrotnaði tvisvar á unglingsárum.

Matsuev fluttist með foreldrum sínum til Moskvu árið 1990 og hélt áfram námi sínu þar. Hann hlaut skólavist við Tónlistarháskólann í Moskvu 1993 og lærði hjá prófessorunum Alexei Nasedkin og Sergei Dorenskij. Matsuev hefur einnig dálæti á djasstónlist og varð fyrsti píanistinn til að leika djass á tónleikum við Tónlistarháskólann í Moskvu. Árið 1998 hreppti hann fyrstu verðlaun í hinni virtu Tsjajkovskij-píanókeppni og varð eftir það einn eftirsóttasti píanisti sinnar kynslóðar á heimsvísu. Hann hefur komið fram á hundruðum tónleika í frægum tónleikahöllum um allan heim, m.a. með sínfóníuhljómsveitunum í Lundúnum og Chicago.

Frumraun hans í Carnegie Hall árið 2007 var tekin upp á hljómdisk og gefin út hjá Sony Classical. Meðal annarra hljómdiska hans eru lítt kunn píanóverk Rakmaninoffs, og píanókonserter eftir Sjostakovitsj og Tsjajkovskij með Fílharmóníuhljómsveitinni í Pétursborg og Júrij Temírkanov. Matsuev hefur tvívegis áður leikið með Sínfóníuhljómsveit Íslands við feykigóðar undirtektir, píanókonserta nr. 1 eftir Tsjajkovskij og nr. 3 eftir Rakmaninoff.

Vox feminae



Kvennakórinn Vox feminae var stofnaður árið 1993 af Margréti J. Pálmadóttur og hefur starfað undir hennar stjórn æ síðan. Kórinn hefur komið fram við margvísleg tækifæri hér heima og erlendis og meðal annars sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í nóvember árið 2000 vann Vox feminae til silfurverðlauna í VIII. Alþjóðlegu kórakeppninni í flutningi trúarlegrar tónlistar, sem kennd er við tónskáldið Giovanni Pierluigi da Palestrina og haldin í Vatíkaninu í Róm. Trúarleg tónlist ásamt íslenskum þjóðlögum og sönglögum hefur einkennt lagaval kórsins í gegnum tíðina, en jafnframt hefur kórinn lagt rækt við samtímatónlist eftir íslensk tónskáld.

Vox feminae hefur gefið út þrjá geisladiska: Mamma geymir gullin þín (2000) sem inniheldur íslensk þjóðlög, Himnadrottning (2003) sem inniheldur trúarleg verk flutt án undirleiks og Ave Maria (2006) sem inniheldur trúarleg verk með undirleik.

Þann 19. júní 2010 kom út sögu- og ljósmyndabókin da capo sem gefin var út í tilefni af 15 ára starfsafmæli kórsins. Henni er ætlað að veita innsýn í starf kvennakórs á Íslandi og þeirra kvenna sem í honum starfa.

Sergei Rakmaninoff

Píanókonsert nr. 2



Árið 1897 hafði Sergei Rakmaninoff (1873–1943) heiminn í hendi sér. Hann var tuttugu og fjögurra ára gamall og hafði fest sig í sessi sem einn efnilegasti ungi tónlistarmaður Rússlands, hvort sem var sem tónskáld eða píanóleikari. En í mars þetta sama ár var fyrsta sínfónía hans var frumflutt í Moskvu. Tónleikarnir tókust vægast sagt hörmulega. Hljómsveitin var illa æfð og sagt var að hljómsveitarstjórinn, tónskáldið Alexander Glazunoff, hafi verið orðinn vel slompaður af drykkju þegar hann steig á svið. Rakmaninoff var í tónleikasalum en flýði burt áður en verk hans var á enda. Gagnrýnendur létu skömmunum rigna yfir varnarlausan höfundinn; tónskáldið César Cui kvað verkið hafa verið líkast „prógrammsínfóníu um tíu plágur Egyptalands“.

Velgengni Rakmaninoffs fram til þessa gerði skellinn enn harkalegri. Hann lagðist í þunglyndi og kenndi sjálfum sér um allt sem úrskaiðs hafði farið. Næstu þrjú árin hélt hann áfram að leika á píanó og stjórnaði óperuhljómsveit í Moskvu, en lagði tónsmíðar svo að segja algjörlega á hilluna. Hann taldi sig vera mislukkað tónskáld og var staðráðinn í að upplifa aldrei aftur hörmungar á borð við sínfóníuflutninginn óskaplega.

Vinir Rakmaninoffs höfðu á honum tröllatrú og gerðu hvað þeir gátu til að færa honum sjálfstraustið aftur. Það var þó ekki fyrr en þeir komu honum í samband við sálfræðinginn dr. Nikolai Dahl að Rakmaninoff sýndi nokkur batamerki. Dahl var taugasálfræðingur og hafði sérhæft sig í dáleiðslu. Rakmaninoff tók skjótum framförum í meðferðinni og það sem mest var um vert: hann fékk aftur löngun til að semja tónlist. Efst í huga hans var að semja píanókonsert. Hann sagði sjálfur frá því að sumarið 1900 hafi Dahl endurtekið sömu setninguna við sig hvað eftir annað: „Nú munt þú byrja að semja konsertinn þinn... þú munt semja hratt og örugglega... konsertinn verður meistaraverk.“ „Þetta voru alltaf sömu orðin“, sagði tónskáldið síðar. „Og þótt það hljómi ótrúlega urðu þau í raun til þess að hjálpa

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fimmtán einleikarar hafa spreytt sig á öðrum píanókonsertri Rakmaninoffs með Sí fram til þessa. Fyrst til að leika verkið á Íslandi var Tatjana Kravtchenko í Þjóðleikhúsinu 1953. Meðal annarra einleikara má nefna Rögnvald Sigurjónsson (1957, 1971 og 1979), Þorstein Gauta Sigurðsson (1978 og 1992), Cecile Licad (1986), Dmitri Alexeév (1987), Richard Simm (1997), Lukás Vondráček (2003) og Olga Kern (2009).

mér af stað. Ég hóf að semja konsertinn strax þetta sama sumar – hugmyndirnar bókstaflega hrönnuðust upp.“

Í desember 1900 voru annar og þriðji þáttur konsertsins frumfluttur í Moskvu við gífurleg fagnaðarlæti, og vorið 1901 var fyrsti þátturinn einnig tilbúinn. Rakmaninoff frumflutti konsertinn í heild í nóvember sama ár og tileinkaði hann Dahl. Tónlistin er kraftmikil, ólgandi, tregafull, angurvær – konsertinn bókstaflega ólgar af tilfinningu frá fyrsta takti til hins síðasta. Hafi Rakmaninoff einhvern tímunn tekist að sameina alla þessa eiginleika í hárréttum hlutföllum hlýtur það að vera í þessu verki, því konsertinn er vinsælastur þeirra fjögurra sem hann samdi um ævina og að líkindum mest leikni píanókonsertri 20. aldarinnar.

Rakmaninoff gætir þess að gefa ekki of mikið upp strax í upphafi. Konsertinn hefst ofurveikt, með píanóhljómunum sem eru eins og upphitun fyrir það sem á eftir kemur. Þegar tregablandið upphafsstefið heyrir fyrst er það leikið af fiðlum meðan píanistinn bregður sér í hlutverk undirleikarans. Brátt kemst þó á jafnræði með hljómsveit og sólista sem ýmist leikur kraftmikla hljóma eða undurfagar laglínur með safaríkum undirleik vinstri handar. Annar kaflinn er blíður og ljóðrænn. Hann hefst með stefi í flautu og klarínettu sem síðan er spunnið áfram í píanói og strengjum; þetta stef hefur öðlast framhaldslíf sem uppistaðan í poppbólldönni *All By Myself*, sem Celine Dion, Frank Sinatra og fleiri hafa sungið. Í síðasta þætti konsertsins þýtur einleikarinn upp og niður hljómborðið með glæsilega brotna hljóma sem smám saman taka á sig fastari mynd og verða að stefi. Melódíurnar þjóta hjá í þessum fjögura kafla; sum stefin staldra við lengur en önnur og jafnvel hæglát angurværðin snýr aftur þegar minnst varir.

Gustav Holst

Pláneturnar



Gustav Holst (1874–1934) var eitt frægasta tónskáld Bretlands á fyrri hluta 20. aldar, ásamt þeim Edward Elgar, Ralph Vaughan Williams og Frederick Delius. Í dag hljóma verk hans fremur sjaldan, að einu undanskildu. *Pláneturnar* eru eitt vinsælasta hljómsveitarverk 20. aldarinnar og áhrif þeirra er víða að finna, ekki aðeins í klassískum tónsmíðum heldur ekki síður í tónlist við sjónvarpsþætti og kvikmyndir. Raunar má segja að á tónleikum kvöldsins hljómi tónlist eftir þá tvo höfunda sem að öðrum ólöstuðum lögðu með tónlist sinni grunninn að kvikmyndatónlist nútímans. John Williams hefði aldrei samið þá tónlist sem hann gerði við Stjörnustríðsmyndirnar, hefði hann ekki átt greiðan aðgang í smíðju þeirra Rakmaninoffs og Holsts.

Holst fæddist í Cheltenham og nam tónsmíðar hjá Charles Stanford við Konunglega tónlistarháskólann í Lundúnum. Hann var einkar fjölhæfur – lék bæði á píanó og básúnu, sem kom sér vel þegar kom að því að semja áhrifamikla tónlist fyrir blásturshljóðfæri. Þá kunnir hann sanskrít og var áhugasamur um menningu Austurlanda, sem leiddi meðal annars af sér óperuna *Savitri* við texta úr fornindverska ljóðabálkinum *Mahabharata*.

Holst var einnig áhugasamur um stjörnufræði og þannig fæddist hugmynd að verki sem byggði á reikistjörnunum sjö. Móðir Jörð fær ekki sinn þátt og Plútó ekki heldur enda var sú pláneta ekki uppgötvuð fyrr en 1930. Holst hóf smíði verksins árið 1914, skömmu áður en fyrri heimsstyrjöldin braust út. Hann lauk *Plánetunum* tveimur árum síðar, en verkið heyrðist ekki á opinberum tónleikum fyrr en í nóvember 1920. Hljómsveitin er risavaxin, sú stærsta sem Holst notaði um ævina, og hann notar hana af mikilli hugvitssemi. Í hverjum þáttanna sjö leitast Holst við að draga fram ákveðin einkenni sem tengd voru hverri plánetu fyrir sig. Hann lagði alla tíð áherslu á að verkið ætti að lýsa „stjörnufræðilegum eiginleikum“ plánetanna og að þættirnir væru ekki eiginleg „prógrammmúsík“.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit æskunnar lék Pláneturnar árið 1990 undir stjórn Pauls Zukofsky.
Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið árið 1978 undir stjórn Páls P. Pálssonar og aftur tveimur áratugum síðar undir stjórn Ricos Saccani.

Fyrsti þátturinn, *Mars*, er eflaust sá kunnasti. Hér kvaðst tónskáldið vilja draga fram „fáránleika stríðsreksturs“ og auðvelt er að heyra fyrir sér vopnaskak vígvallarins. *Venus* er ljúfur ástarsöngur; *Merkúr* er hratt og líflegt scherzó. *Júpíter* er glaðvær og glaðlegur kafli, en um miðbikið heyrast háfleygar hendingar sem í Bretlandi eru einnig sungnar sem ættjarðarsálmur: „I Vow to Thee, My Country.“ *Satúrnus* er draugalegur útfararmars, eins konar áminning um hvernig ellin sigrast á öllu því sem dregur andann. *Úranus* er kraftmikill en dularfullur, og töfrabrögðin í tónlistinni minna nokkuð á annað verk af svipuðum toga, *Lærisvein galdrameistarans* eftir Dukas. *Neptúnus* er sveipaður dulúð; enn og aftur kemur nýleg kvikmyndatónlist upp í hugann. Þó er ekki síður augljóst að Holst hefur verið undir áhrifum frá Debussy við tónsmíðarnar, þá helst sjávarstemningunum í *La mer* og „sírenu“-þættinum í *Næturljóðum* hans fyrir kvennakór og hljómsveit. Holst stendur fyllilega fyrir sínu í slíkum samanburði því að tónlistin er sérlega áhrifamikil, hljómsveitin leikur *pianissimo* út í gegn og seiðandi raddir heyrast úr handanheimum. Síendurteknir, vaggandi lokahljómarinnir eru eins og hugleiðing um óendanleika alheimsins, og leyndardóma eilífðarinnar.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

UNGSVEIT SÍ

Sunnudaginn 6. nóvember kl. 14.00



Það má með sanni segja að Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé framtak sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Undanfarin tvö ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð framúrskarandi árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfærleikara og stjórnenda.

Margoft hefur verið sýnt fram á að tónlistarmenntun er sterkt afl í uppeldi og menntun ungs fólks. Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með námskeiðum Ungsveitarinnar er að þjálfa unga nemendur í hljómsveitarleik á atvinnustigi. Nemendur þurfa að standast prufuspil og til þeirra eru gerðar strangar kröfur, en árangurinn hefur verið glæsilegur og hinir ungu hljóðfærleikarar hafa lyft grettistaki með samstilltu átaki sínu.

Á þessum fyrstu tónleikum Ungsveitarinnar í Hörpu er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Flutt verður Sinfónía nr. 5 eftir Gustav Mahler, sem er eitt glæsilegasta hljómsveitarverk sögunnar, samið fyrir risavaxna hljómsveit. Tónlistin spannar allt litróf manlegra tilfinninga og víst að meðlimir Ungsveitarinnar munu vaxa mjög af samvistunum við stórbrotna tónlist Mahlers.

Hljómsveitarstjórinn Baldur Brönnimann hefur áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri og hefur áralanga reynslu af því að starfa með ungu fólki. Hann er aðalstjórnandi Þjóðarsinfóníuhljómsveitar Kólumbíu og BIT20-kammersveitarinnar í Noregi, en stofnaði auk þess fyrir nokkrum árum Æskulýðshljómsveit Kólumbíu og hefur á skömmum tíma komið þeirri sveit í hóp bestu æskuhljómsveita heims.

Í FJARLÆGUM HEIMI

Fimmtudaginn 24. nóvember kl. 19.30



Á rauðum áskriftartónleikum 24. nóvember verður heillandi og fjölbreytt efnisskrá undir stjórn Ilans Volkov, nýs aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem hefur hlotið frábærar undirtektir fyrir starf sitt hingað til. Á tónleikunum verður frumflutt verkið *Aeriality* eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Sinfónía nr. 4 eftir Johannes Brahms, og sellókonsert í flutningi eins af okkar fremstu hljóðfæraleikurum af yngri kynslóðinni.

Sæunn Þorsteinsdóttir hefur vakið verðskuldaða athygli á undanföllum árum fyrir innblásinn og ástríðuþrunginn leik sinn. Hún útskrifaðist með meistaragráðu frá Juilliard árið 2008 og hefur undanfarin ár starfað í kammerhópi á vegum Carnegie Hall. Heimsfrægir tónlistarmenn á borð við Itzhak Perlman og Mitsuko Uchida hafa valið hana til að leika með sér kammertónlist, og fyrir skömmu hlaut hún sérstakt lof gagnrýnanda New York Times fyrir hrifandi spilamennsku.

Á þessum tónleikum leikur Sæunn einn af eftirlætis konsertum sínum, eftir franska meistarann Henri Dutilleux, sem nú er kominn hátt á tíræðisaldur. Dutilleux hefur samið tónverk innblásin af öðrum listgreinum, m.a. málverkum Vincents van Gogh, en í þessu verki er útgangspunkturinn hending úr *Les fleurs du mal* eftir Baudelaire: „Heill heimur, fjarlægur, fjarrænn, nærri því dáinn.“ Konsertinn hefur verið talinn einn merkasti sellókonsert 20. aldar allt frá því að Rostropovitsj frumflutti hann árið 1970. Það er löngu tímabært að þetta litríka og göldrum gædda verk hljómi á Íslandi í fyrsta sinn.

VOX FEMINAE Í PLÁNETUNUM

3. og 4. nóvember 2011

1. SÓPRAN

Ástrós Elisdóttir
Guðný Jónsdóttir
Guðrún Björk Bjarnadóttir
Guðrún Hulda Gunnarsdóttir
Hafdís Hafsteinsdóttir
Harpa Rún Glad
Helga Jóna Óðinsdóttir
Inga Sigrún Kristinsdóttir
Jóna Guðbjörg Árnadóttir
Lilja Klein
Lovísa Ólafsdóttir
Rannvá Olsen
Sigríður Soffía Hafliðadóttir
Steinunn K. Jónsdóttir
Stella Óladóttir

2. SÓPRAN

Anna Birgitta Bóasdóttir
Bergþóra Guðnadóttir
Björg Helen Andrésdóttir
Elín Gréta Stefánsdóttir
Elsa Særún Helgadóttir
Guðrún Árný Guðmundsdóttir
Guðrún Sigríður Sævarsdóttir
Hulda Stefánsdóttir
Ingibjörg B. Sigurðardóttir
Ingibjörg Óladóttir
Lonní Björg H. Sigurbjörnsdóttir
Ólafía Lára Ágústsdóttir
Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir

1. ALT

Bjarnheiður Hallsdóttir
Hildur Friðriksdóttir
Kristín Björg Kristjánsdóttir
María Ólafsdóttir
Sigríður Guðmundsdóttir
Sigríður Halldóra Þorsteinsdóttir
Sigríður Helga Sigurðardóttir
Þorgerður Valdimarsdóttir
Þórdís Guðmundsdóttir

2. ALT

Bryndís Egilson
Halla Katrín Svölu-og Arnardóttir
Hallveig Andrésdóttir
Helga Arngrímsdóttir
Hildur Elín Vignir
Kristín Sigurleifsdóttir
Sigríður Anna Ellerup
Snólaug Elín Sigurðardóttir
Þuríður Helga Jónasdóttir

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

3. & 4. nóvember 2011

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Hildgunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir

2. FIDLA

Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Ágústa María Jónsdóttir
Þórdís Stross
Greta Salome Stefánsdóttir
Joanna Bauer
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlíf Sigurjónsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Victoria Tarevskaja

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau, piccolo
Áshildur Haraldsdóttir, piccolo & altflauta

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Guðrún Másdóttir
Peter Tompkins, bassaóbó
Matthías Nardeau, englahorn

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Fuðni Franzson
Helga Björg Arnardóttir
Rúnar Óskarsson, bassaklarinett

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Brjánn Ingason, contrafagott

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Porkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir
Laszló Czenek

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna
Oddur Björnsson, tenortúba

TÚBA

Austin Howle

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

ORGEL

Valgerður Andrésdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson
Steev van Oosterhout

SLAGVERK

Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Kjartan Guðnason
Matthías Hemstock



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UNGSVEIT

SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Sun. 6. nóvember » kl. 14.00 » í Hörpu

Ungsveitin er skipuð um 80 íslenskum tónlistarnemum á aldrinum 12-25 ára og flytja þau hina stórbrotnu 5. sínfóníu Gustavs Mahler.

Hljómsveitarstjóri er Baldur Brönniman.

Nemendur fá 50% afslátt af miðaverði. *Ekki er hægt að bóka afslætti á netinu.*

Miðasala » 528 5050 » www.sinfonia.is » www.harpa.is